

Ritfregnir

Johannes Lid: The Flora of Jan Mayen. Oslo 1964.

Bókin er gefin út af *Norsk Polarinstitutt* í Oslo og heyrir undir ritaröðina *Skrifter nr. 130*. Hún er samin af hinum kunna norska grasafræðingi Johannes Lid, sem einnig hefur samið hina vel þekktu Norsk Flora, sem mikið er notuð, einnig af íslenzkum og sánskum grasafræðingum. Þetta er vísindalegt rit, skrifað á ensku og fjallar einnig um gróður og útbreiðslu tegundanna, en auk þess er rakin saga grasafræðirannsóknar á eyjunni. Kemur Steindór Steindórrsson þar m. a. við sögu, en hann gerði athuganir á eynni árið 1957.

Samkvæmt flórunni hafa um 60 tegundir háplantna fundizt á Jan Mayen. Hafa þær allar fundizt hér á landi, og eru reyndar flestar mjög algengar, einkum til fjalla. Bókin er skreytt fádæma góðum teikningum af öllum tegundum flórunnar á Jan Mayen, teiknuð af konu höfundarins, Dagny Tande Lid, eftir eintökum frá eynni. Dagny er okkur að góðu kunn, því að hún hefur einnig gert hinar frábæru myndir, sem prýða flórubækur Dr. Áskels Löve, Íslenzkar jurtir og Íslenzka ferðaflóru.

H. Hg.

Olaf I. Rønning: Svalbards Flora. Oslo 1964.

Pessi bók er einnig gefin út af *Norsk Polarinstitutt* í Oslo og heyrir undir nýjan flokk handbóka, sem nefnist *Polarhaandbok*, og er flóran þar nr. 1. Svalbarðsflóran er lítið, handhægt kver, um 120 bls. í smekklegu, sterku bandi, eins og gerð til þess að stinga henni í vasann áður en lagt er í langferð. Bókin mun fyrst og fremst vera ætluð norskum almenningi, enda skrifuð á norsku. Hún hefst á stuttum en fróðlegum inngangi um gróður landsins, sem nokkrar ágætar ljósmyndir skýra enn frekar. Þá kemur aðalhluti bókarinnar, tegundaskráin, með stuttum, hnitmiðuðum lýsingum og teikningum af hverri tegund. Einigur hér hefur Dagny Tande Lid lagt sitt til, en hún er höfundur allra teiknimyndanna.

Í bókinni eru taldar um 170 tegundir, en höfundur getur þess, að hinar villtu tegundir muni varla vera fleiri en 162. Svalbarði er ekta heimskautaland, enda liggar hann milli 74. og 80. gráðu n. br., eða á svípuðum breiddargráðum og NA-Grænland. Stærð eyjanna til samans er um helmingur af stærð Íslands. Loftslagið er mjög meginlandskennt, eins og annars staðar á þessum norðlægu breiddum, og því gerólfkt loftslagi Noregs og Íslands, og raunar einnig Jan Mayens. Það þarf því engan að undra, þótt þarna finnist ýmsar tegundir plantna, sem hvorki er að finna á Íslandi né í Noregi. Flestar þeirra koma hins vegar fyrir á Grænlandi eða í Síberíu. Mér telst svo til að um 100 tegundir séu sameiginlegar Íslandi og Svalbarða, eða um 63% af flóru Svalbarða. Mun það vera svipaður skyldleiki og milli flóru Íslands og Grænlands.

Höfundur Svalbarðsflórunnar er kunnur grasafræðingur í sínu heimalandi, fyrrum forstöðumaður náttúrugripasafnsins í Tromsö, en í því starfi mun hann hafa kynnst Svalbarða, og farið þangað í fjölmargar rannsóknarferðir. Byggist bókin að verulegu leyti þeim ferðum, þótt ýmislegt hafi reyndar verið um hana ritað, áður en þessi bók kom til.

Svalbarðsflóran er eigulegt kver, og ætti ekki að vanta í bókahillur neins íslenzks grasafræðings.

H. Hg.

A. C. Jermy & T. G. Tutin: British Sedges. London 1968.

Bók þessi, sem er lítið og handhægt kver um 200 síður að stærð, er gefin út af *The Botanical Society of the British Isles*. Hún hefst á almennum inngangi um gerð og byggingu stara. Á eftir greiningarlyklum fyrir brezkar starir kemur svo aðalhluti bókarinnar, sem hefur að geyma ýtarlegar lýsingar á öllum tegundunum, 69 talsins, ásamt upplýsingum um umhverfi þeirra, útbreiðslu og skyldar tegundir. Texti hvarrar tegundar fyllir að jafnaði eina síðu og eru teikningar af tegundinni á síðunni á móti. Teikningarnar eru einstaklega skýrar og nákvæmar, sýna bæði plöntuna í reild og einnig einstaka hluta hennar stækkaða, svo sem karlblóm, kvenblóm, slíðeurop og þverskurði blaða og stönguls.

Hinar ýtarlegu lýsingar og staðsetning frábærra teikninga á sömu opnu gera bókina einstaklega þægilega í notkun. Meira en helming íslenzkra stara er að finna í þessari bók auk ýmissa skyldra erlendra tegunda og afbrigða, sem gott er að hafa til hliðsjónar, þegar bókin er notuð til staðfestingar á greiningum íslenzkra stara. Bókina má panta frá D. H. Kent, 75 Adelaide Road, West Ealing, London W. 13., og er verð hennar um £0,90.

H. Kr.

Nils Hylander: Prima Loca Plantarum Vascularium Sueciae.

Rit þetta, gefið út sem fylgirit með *Svensk Botanisk Tidsskrift*, var tilbúið í handriti um það leyti sem höfundurinn féll frá. Hann er að góðu kunnur vegna bókarinnar *Nordisk Kärlväxtflora*, sem þekkt er fyrir frábærlega næmt og samvizkusamlega unnið tegundamat. Það var mikið áfall, að höfundinum skyldi ekki auðnast að ljúka nema tveim bindum flórunnar, en hún er ein vandaðasta heimild um nafngiftir íslenzkra háplantna, sem völ er á.

Prima Loca Plantarum Vascularium Sueciae er skrá yfir allar tegundir slæðinga, sem hafa flenzt frá ræktun eða borizt óviljandi til Svíþjóðar og náð þar fótfestu. Fyrsta fundarstað hvírrar tegundar í Svíþjóð og heimildar um hann er getið. Ýmsum tegundum fylgja nánari upplýsingar um líklegan uppruna, nafngiftir, og mat á eldri heimildum um þær.

Ekki verður sagt um rit þetta, að það eigi almennt erindi til íslenzkra grasafræðinga, enda er afar líttill hluti þeirra plantna, sem fjallað er um, slæðingar á Íslandi.

H. Kr.